

Hlíð 3, Djúpivogur, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft yfir svæðið til vesturs

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	4
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3102


Tilgangur úttektar:
Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir

Staðsetning:
Hlíð 3 á Djúpavogi

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deili-skipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Innan svæðisins stóð áður hús sem gekk undir nafninu Hlíð og var talið reist 1924. Í lok árs 2022 var húsið tekið niður. Býlið Hlíð er skráð sem þurrabúð frá 1890 og voru ábúendur skráðir þar í manntali 1880 og 1890. Í fyrirbyggjandi fornleifa-skráningu frá 2018 virðist eldra bæjarstæði Hlíðar hafi staðið suðvestan við fyrir-hugaðan byggingarreit og í Húsakönnun Djúpavogshrepps er Gamla Hlíð kölluð húsið á klettinum og er talið að það hafi staðið ofar. Búið er að grafa fyrir nýju húsi og hreinsa frá kletti vestast innan byggingarreitsins.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið. Bleikir punktar eru úr aðalskráningu fornleifa gerðir af FSÍ. Bleiki punkturinn á húsinu er skráning þess.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun

umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Kristborg Þórsdóttir, Gylfi Björn Helgason og Stefán Ólafsson. (2018). *Aðal-skráning fornleifa á Djúpavogi : þéttbýli*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.
<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Skipulagsvefsjá Múlaþings
<https://www.map.is/mulathing>

Sædís Gunnarsdóttir. (2004). *Menningarminjar í Djúpavogshreppi : svæðis-skráning*. Fornleifastofnun Íslands.

Túnakort Hlíð. (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.